

---

## 16. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 27. febrúar 2012 kl. 8:15.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði.

### Dagskrá:

#### 1. Skóladagatal næsta skólaárs

Farið var yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2012-2013. Fyrir liggur að búið er að samræma eftirfarandi daga fyrir alla grunnskóla í Hafnarfirði; skólasetningardagur verður 23. ágúst, vetrarfrí verður 22.-24. október og þrjár af fimm skipulagsdögum verða 25. september, 23. nóvember og 25. febrúar.

#### 2. Nemendapróun 2011-2017 í Hafnarfirði

Lögð var fram áætlun um nemendapróun í skólum Hafnarfjarðar 2011-2017. Samkvæmt henni verður mikil aukning í nokkrum skólum Hafnarfjarðar. Umræða varð um verkefni starfshóps um skólaskipan í Hafnarfirði sem rætt var um á síðasta fundi.

#### 3. Önnur mál

- Heilsdagsskólinn.  
Fulltrúar foreldra ræddu mál heilsdagsskólans.  
Fram kom hjá skólastjóra að heilsdagsskólinn hefur fengið til afnota tvær kennslustofur. Nú eru 12 starfsmenn starfandi við heilsdagsskólann.
- Nemendur.  
Grunnskólahátíðin sem haldin var 15. febrúar tókst vel. Samfés verður um næstu helgi.

Fundi slitið kl. 8:55.

#### Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri  
Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags  
Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna .  
Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda.  
Árni Geirsson, nemendaráði, fulltrúi nemenda.

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir